

6. gr.

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Tekjur Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eru eftirfarandi:

- a. framlög styrktaraðila,
- b. gjafir og áheiti sem sjóðnum kunna að berast,
- c. vextir og arður af eignum sjóðsins,
- d. annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 2. gr. skipulagsskrár þessarar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjö stjórnarmanna. Sama gildir ef sjóðurinn er lagður niður og ganga þá eignir hans til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem ráðstafar þeim í samræmi við þann tilgang sem lýst er í 2. gr.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á land:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, frá 8. mars 2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.

- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2357/2001, frá 29. nóvember 2001 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81 frá 25. júní 2002 og var birt í EES-viðbæti 3. október 2002.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 257/2002, frá 12. febrúar 2002, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum og breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001, þar sem sett eru hámarksgildi fyrir tiltekin mengunarefni í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samningin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100 frá 12. júlí 2002 og var birt í EES-viðbæti 31. október 2002.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er birt með tilvísun til 2. mgr., sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldsgerinda, með síðri breytingum.

Við birtingu þessarar reglugerðar falla brott eftirtaldir viðaukar við reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum: viðauki 3 að því er varðar blý, dioxín, kadmín, PCB-efni og 3-MCPD; viðauki 4 og viðauki 5. Auk þess fellur niður reglugerð nr. 357/2002 um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Lindargata 60.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði vegna Lindargötu 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.